

Tilmæli	26/2023
Tillaga	A 1918/UVU
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 26/2023

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð leggi svarið við tilmælum 26/2023 um atvinnuleysi ungs fólks á Norðurlöndum til hliðar og bíði eftir *pólítísku samráði*.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að

- att kortleggja jafnvægi þekkingar á Norðurlöndum í því skyni að kortleggja þá framtíðarfærni sem Norðurlönd hafa þörf fyrir á komandi árum sem og, á grundvelli eftirspurnar eftir hæfu fólki, fjárfesta í faglegri fræðslu ungs fólks;
- att þróa og markaðssetja tilkynningaþjónustu fyrir viðeigandi aðila til að greina stjórnsýsluhindranir að því er varðar lögvernduð starfsréttindi;
- att skipa norrænan vinnuhóp í því skyni að þróa sameiginlegar aðgerðir og stjórn tæki til að vinna gegn atvinnuleysi og félagslegri einangrun ungs fólks;
- att bæta samstarf vinnumiðlana á Norðurlöndum þannig að atvinnuleitendur geti fengið upplýsingar um öll laus störf á Norðurlöndunum.
- att stuðla að því að gera verkmenntun sýnilegri og eftirsóknarverðari á Norðurlöndunum með því að skapa sameiginlegan námsvettvang um verkmenntun á Norðurlöndum, sem veitir umsækjendum um skólavist og starfsráðgjöfum heildarsýn yfir námsmöguleika í öllum verknámsskólum á Norðurlöndum;
- att stuðla að því að öll Norðurlöndin þróa samningsbundið nám og sveinsnám til að geta komið betur til móts við sífellt ólíkari og breytilegri þörf fyrirtækja fyrir vinnuafli;
- att skapa vettvang með yfirliti yfir þær hæfniskröfur sem krafist er til viðurkenningar á starfsnámi í öðru norrænu ríki ef viðurkenning liggur ekki þegar fyrir.



Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Tilmæli 26/2023 um:

Atvinnuleysi ungs fólks á Norðurlöndum

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að

- att kortleggja jafnvægi þekkingar á Norðurlöndum í því skyni að kortleggja þá framtíðarfærni sem Norðurlönd hafa þörf fyrir á komandi árum sem og, á grundvelli eftirspurnar eftir hæfu fólki, fjárfesta í faglegri fræðslu ungs fólks;
- att þróa og markaðssetja tilkynningaþjónustu fyrir viðeigandi aðila til að greina stjórnsýsluhindranir að því er varðar lögvernduð starfsréttindi;
- att skipa norrænan vinnuhóp í því skyni að þróa sameiginlegar aðgerðir og stjórnþæki til að vinna gegn atvinnuleysi og félagslegri einangrun ungs fólks;
- att bæta samstarf vinnumiðlana á Norðurlöndum þannig að atvinnuleitendur geti fengið upplýsingar um öll laus störf á Norðurlöndunum.
- att stuðla að því að gera verkmenntun sýnilegri og eftirsóknarverðari á Norðurlöndunum með því að skapa sameiginlegan námsvettvang um verkmenntun á Norðurlöndum, sem veitir umsækjendum um skólavist og starfsráðgjöfum heildarsýn yfir námsmöguleika í öllum verknámsskólum á Norðurlöndum;
- att stuðla að því að öll Norðurlöndin þrói samningsbundið nám og sveinsnám til að geta komið betur til móts við sífelld ólíkari og breytilegri þörf fyrirtækja fyrir vinnuafli;
- att skapa vettvang með yfirliti yfir þær hæfniskröfur sem krafist er til viðurkenningar á starfsnámi í öðru norrænu ríki ef viðurkenning liggur ekki þegar fyrir.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin valdi að svara hverjum tillögulið fyrir sig.

Að kortleggja jafnvægi þekkingar á Norðurlöndum í því skyni að kortleggja þá framtíðarfærni sem Norðurlönd hafa þörf fyrir á komandi árum sem og, á grundvelli eftirspurnar eftir hæfu fólki, fjárfesta í faglegri fræðslu ungs fólks.



Norræna ráðherranefndin telur þörf á að kortleggja jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir hæfni á Norðurlöndum, einkum í ljósi grænna og stafrænna umskipta, og vísar í svar við tilmælum 10/2023 – Norræn nefnd um starfsmenntun.

Þó má bæta því við að á undanförunum árum hefur Norræna ráðherranefndin fjármagnað ýmsar skýrslur og verkefni þar sem jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir hæfni á Norðurlöndum hefur verið kortlögð með einhverjum hætti. Sjá meðal annars:

- Verkefnið *Adult skills in the Nordic and Baltic region (PIAAC)*, fjármagnað af embættismannanefndinni um vinnumál (EK-A) og embættismannanefndinni um menntamál og rannsóknir (EK-U), stendur yfir.
- Verkefnið *Livslångt lärande och kompetensutveckling för framtidens arbetsmarknad i Norden*, fjármagnað af embættismannanefndinni um vinnumál (EK-A), stendur yfir (lýkur á 1. ársfjórðungi 2024)
- Skýrsluna *Embracing the just green transition on the Nordic labour market* (2023) <https://www.norden.org/en/publication/embracing-just-green-transition-nordic-labour-market>
- Skýrsluna *The Future of Work in the Nordic countries: Opportunities and Challenges for the Nordic Working Life Models* (2021) <https://www.norden.org/en/publication/future-work-nordic-countries>
- Verkefnið *Øget samarbejde om overvågning og opfølgning på beskæftigelsesindsatsen i Norden*, lauk á 4. ársfjórðungi 2020.

Þá verður þess minnst að á árinu 2024 eru sjötíu ár liðin frá því að sameiginlegur vinnumarkaður Norðurlanda varð að veruleika, en vegna undirbúnings á hátíðarviðburðinum fól embættismannanefndin um vinnumál (EK-A) Nordregio að hafa umsjón með verkefninu *A common Nordic labour market 70 years and beyond*. Verkefnið felst meðal annars í að líta fram á við og greina þá hæfni sem væntanlega verður þörf fyrir á Norðurlöndum í framtíðinni. Sennilega verður ekki eingöngu þörf á ungu faglærðu fólki heldur einnig endurmenntun og færniþróun núverandi vinnuafis svo og erlends vinnuafis. Ráðherranefndin um vinnumál (MR-A) bíður eftir niðurstöðum verkefnisins.

Vinnumarkaðsnefnd embættismannanefndarinnar um vinnumál (EK-A) átti einnig frumkvæði að auknu samstarfi og miðlun þekkingar, meðal annars á fundum samstarfsneta þar sem fylgt er eftir vinnu með niðurstöðum verkefnisins *Øget samarbejde om overvågning og opfølgning på beskæftigelsesindsatsen i Norden*.

Í lokin má geta þess að væntanlega verður fjallað um hæfni og þörf á henni til framtíðar í næstu samstarfsáætlun um vinnumál 2025-2030.



Að þróa og markaðssetja tilkynningaþjónustu fyrir viðeigandi aðila til að greina stjórnsýsluhindranir að því er varðar lögbundna starfsréttindi.

Núverandi tilkynningakerfi fyrir stjórnsýsluhindranir virkar þannig að aðilar sem sinna málefnum landamærasvæða, þar á meðal Info Norden og þrjár upplýsingaþjónustur á landamærasvæðum, taka á móti tilkynningum frá fyrirtækjum og einstaklingum. Á grundvelli þeirra upplýsinga og þekkingar sem viðeigandi aðilar á svæðinu öðlast tilkynna þeir skrifstofu Stjórnsýsluhindranaráðsins um þessar stjórnsýsluhindranir. Skrifstofa Stjórnsýsluhindranaráðsins leggur síðan umræddar stjórnsýsluhindranir í gagnagrunninn. Allar stjórnsýsluhindranir, einnig þær sem varða lögbundna menntun, og tilkynntar eru gegnum tilkynningakerfið rata því í gagnagrunninn.

Í skýrslunni *Løsning af brancheregulerede hindringer for mobilitet på de nordiske arbejdsmarkeder* (2022) mælir ráðgjafarfyrirtæki með því að eitt núverandi tilkynningakerfi fyrir stjórnsýsluhindranir verði nýtt til að greina hindranir vegna lögbundinna starfsgreina. Þar sem hentug kerfi eru fyrir hendi er óþarfi að þróa enn eitt kerfi. Í skýrslunni kemur einnig fram að Norræna ráðherranefndin geti hæglega hvatt aðila í viðeigandi starfsgreinum til að tilkynna um stjórnsýsluhindranir.

Norræna ráðherranefndin hefur því unnið að því undanfarin ár að bæta og þróa leiðir til að tilkynna um stjórnsýsluhindranir. Upplýsingaþjónustur þriggja landamærasvæða fengu fjármagn hjá skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar til að taka í notkun betra tilkynningakerfi fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Tilkynningakerfið heitir *Ditt gränsproblem* (<https://granshinder.atlassian.net/servicedesk/customer/portals>). Upplýsingaþjónusturnar þrjár hafa einnig markaðssett tilkynningakerfið. Bætt tilkynningakerfi og markaðssetning á því hefur auðveldað tilkynningar stjórnsýsluhindrana og greiningu þeirra. *Ditt gränsproblem* og sambærilegt tilkynningakerfi Info Norden henta til að tilkynna um stjórnsýsluhindranir, einnig þegar þær tengjast lögbundinni menntun.

Að skipa norrænan vinnuhóp í því skyni að þróa sameiginlegar aðgerðir og stjórnæki til að vinna gegn atvinnuleysi og félagslegri einangrun ungs fólks.

Norræna ráðherranefndin starfar á ýmsum sviðum og milli sviða að því að sporna gegn atvinnuleysi og útilokun ungs fólks og mörg verkefni og aðgerðir standa yfir á þessu sviði. Útilokun og inngilding eru einnig þverlæg málefni í nýjum samstarfsáætlunum og þeirra er meðal annars getið í samstarfsáætlunum um vinnumál, félags- og heilbrigðismál og aðlögunarmál.

Á vinnumálasviði stendur yfir verkefni til margra ára, *How to increase labour market participation among vulnerable groups in the Nordic countries?* Verkefnið tekur til fjögurra



viðkvæmra hópa, þar á meðal ungs fólks. Þriðju skýrslunni (<https://pub.norden.org/temanord2023-538/>) er ætlað að auka skilning á hindrunum í vegi atvinnuþátttöku viðkvæmra hópa, en nauðsynlegt er að greina þær til að geta mótað aðgerðir og verkfæri sem virka. Í fjórða og síðasta áfanga verkefnisins verður metið hvort núverandi aðgerðir til virkjunar og atvinnusköpunar á Norðurlöndum henti einstaklingum með veika tengingu við vinnumarkað. Þannig fæst aukin þekking á hindrunum í vegi ungs fólks sem stendur utan við vinnumarkað en ráðherranefndin um vinnumál (MR-A) bíður eftir niðurstöðum verkefnisins þegar því verður lokið. Þá ber að nefna skýrsluna *Inkludering av unge i skole, arbeid og samfunn – en sammenstilling av kunnskap fra nordisk forskning* (<https://oda.oslomet.no/oda-xmlui/handle/11250/2984178>).

Unnið hefur verið um langt skeið með atvinnuleysi og útilokun ungs fólks á sviði félags- og heilbrigðismála. Á ráðherranefndarfundum 2022 og 2023 var málefnið á dagskrá og ráðherrarnir miðluðu af reynslu sinni af áskorunum en einnig skilvirkum aðgerðum til að draga úr atvinnuleysi ungs fólks og efla hlutdeild hópsins, félagslega og í daglegu starfi. Fyrir fundina og til þess að efla norrænt samtal um félagslegar hliðar þessa málaflokks, veitti ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S) árið 2021 fé í stóra norræna skýrslu um viðeigandi norræn rannsóknarrit um viðkvæmt ungt fólk, útilokun þess og inngildingu (<https://oda.oslomet.no/oda-xmlui/handle/11250/2984527>). Í skýrslunni er sagt frá leiðum og verkfærum til að inngilda hópinn sem hafa gefið góða raun í löndunum.

Árið 2022 kom einnig út norræn skýrsla kostuð af ráðherranefndinni um félags- og heilbrigðismál (MR-S) um ungt fólk sem er utangarðs (<https://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1657057&dswid=5089>). Ráðherranefndin og embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S og EK-S) munu vinna áfram með þennan málaflökk á árinu 2024 og leita að sérstökum norrænum aðgerðum sem hægt væri og bæri að grípa til á þessu sviði. Þá ákvað MR-S nýverið að veita 1,2 milljón DKK á árinu 2024 í gerð skýrslu um aðstæður barna sem alast upp við fátækt. Skýrslunni er meðal annars ætlað að taka saman reynslu Norðurlandanna af verkefnum, aðgerðum og verkfærum sem geta dregið úr neikvæðum afleiðingum þess að alast upp á fátækum heimilum og efttækifæri barna og ungs fólks til að færa sig um set í framtíðinni og aukið hlutdeild þeirra til jafns á við önnur börn og ungmenni.

Í aðlögunaráætluninni eru einnig nefnd verkefni og skýrslur sem fjalla um inngildingu ungs fólks og aðgerðir gegn útilokun. Sjá meðal annars:

- Verkefnið *Integration and learning through sport and play for Ukrainian children in the Nordics*, stendur yfir (lýkur á 1. ársfjórðungi 2024).
- Verkefnið *Fritidsjob som vej til integration, trivsel og uddannelse i Norden*, sem lauk á 4. ársfjórðungi 2023.



- Skýrsluna *Leaving boys behind?* (2022)
<https://nordicwelfare.org/en/publikationer/leaving-boys-behind/>
- Skýrsluna *Hvordan går det med unge flyktninger i Norden?* (2021)
<https://nordicwelfare.org/integration-norden/publikationer/hvordan-gar-det-med-unge-flyktninger-i-norden-of-age-in-exile-cage/>

Að bæta samstarf vinnumiðlana á Norðurlöndum þannig að atvinnuleitendur geti fengið upplýsingar um öll laus störf á Norðurlöndunum öllum.

Norðurlöndin ásamt Álandseyjum taka þátt í EURES, samstarfsneti atvinnumiðlana í Evrópu. Löndin, að Færeyjum og Grænlandi undanskildum, auglýsa þar laus störf sem eru í boði fyrir atvinnuleitendur annars staðar á Norðurlöndum. Ýmsar aðrar norrænar þjónustur á landamærasvæðum aðstoða atvinnuleitendur, til dæmis Grensetjänsten Norge-Sverige, Øresunddirekt (Danmörk-Svíþjóð) og Gränstjänsten Sverige-Finland-Norge (áður landamæraþjónusta á Norðurkollu).

Vinnuáætlun hóf í nóvember 2023 verkefnið *The role of public employment services in promoting an inclusive Nordic common labour market*. Verkefninu er meðal annars ætlað að skoða samstarfið milli atvinnumiðlana á Norðurlöndum. Aðdragandi verkefnisins er sá að Norðurlönd hafa eða hyggjast ráðast í skipulagsbreytingar á atvinnumiðlunum með það fyrir augum að auka skilvirkni kerfanna. Í ljósi þeirrar miklu stafvæðingar sem hefur átt sér stað liggur fyrir að taka frekari skref til að nútímavæða rafræna innviði atvinnumiðlananna. Verkefninu er einnig ætlað að kanna fyrri, núverandi og ráðgerðar umbætur á atvinnumiðlunum á Norðurlöndum, þar á meðal stafvæðingu atvinnumiðlunar og notkun gervigreindar. Einnig verður litið á núverandi samstarf milli norrænna atvinnumiðlana og metið hvort líklegt sé að breytingar og umbætur á atvinnumiðlunum muni hafa mikil áhrif á norrænt samstarf. Þetta á við um stefnuáætlanir, aðgerðir, gagna- og upplýsingaskipti og hugsanlega sameiginlega stefnuáætlun til að tryggja að nauðsynleg hæfni verði í boði á norrænum vinnuþryggingum til þess að styðja við grænu umskiptin. Í lokin verða dregnar ályktanir af innihaldi og framkvæmd umbóta og breytinga og lagt til hvernig megi gera betur. Með hliðsjón af þessu bíður ráðherra nefndin um vinnuáætlun (MR-A) eftir niðurstöðum verkefnisins til þess að sjá hvernig bæta megi samstarf norrænu atvinnumiðlananna.

Að stuðla að því að gera verkmenntun sýnilegri og eftirsóknarverðari á Norðurlöndunum með því að skapa sameiginlegan námsvettvang um verkmenntun á Norðurlöndum, sem veitir umsækjendum um skólavist og starfsráðgjöfum heildarsýn yfir námsmöguleika í öllum verknámsskólum á Norðurlöndum.

Norræna ráðherra nefndin vísar hér í svar sitt við tilmælum 10/2023 – Norræn nefnd um starfsmenntun Þar kemur fram að Norræna ráðherra nefndin taki vel í að í framtíðinni



verði hægt að skapa norrænan vettvang um starfsmenntun sem gæti meðal annars fjallað um fyrrnefnda tillögu.

Að stuðla að því að öll Norðurlöndin þrói samningsbundið nám og nám til sveinsprófs til að geta komið betur til móts við sífellt ólíkari og breytilegri þörf fyrirtækja fyrir vinnuafli.

Norræna ráðherranefndin vísar hér í svar sitt við tilmælum 10/2023 – Norræn nefnd um starfsmenntun þar kemur fram að Norræna ráðherranefndin taki vel í að í framtíðinni verði hægt að skapa norrænan vettvang um starfsmenntun sem gæti meðal annars fjallað um fyrrnefnda tillögu.

Að skapa vettvang með yfirliti yfir þær hæfniskröfur sem krafist er til viðurkenningar á starfsnámi í öðru norrænu ríki ef viðurkenning liggur ekki þegar fyrir.

Nær öll starfsmenntun á Norðurlöndum er viðurkennd í hinum norrænu löndunum. ESB hefur innleitt viðbótarskírteini, *Certificate Supplement*, sem eru til viðbótar við prófskírteini sem veitt eru þegar starfsnámi lýkur. Viðbótarskírteinin tilgreina hæfni sem starfsmenntunin veitir og má leggja það við þegar þörf er á að greina frá hæfni fólks annars staðar á Norðurlöndum.

Sumar starfsmenntir eru lögbundnar og krefjast starfsleyfis. Evrópulöndin vinna náið saman að viðurkenningu lögbundinna starfsgreina og framkvæmdastjórn ESB er með gagnagrunn yfir allar lögbundnar starfsgreinar í hverju landi, en þar er einnig hægt að sækja um starfsréttindi. Á Norðurlöndunum eru landsbundnar vefsíður með yfirlit yfir lögbundnar starfsgreinar í hverju landi.

Norræna ráðherranefndin lét á árinu 2020 kortleggja ákvæði um lögbundin störf sem hefta för fólks, en niðurstaðan var sú að fáar hindranir væru fyrir hendi. Engu að síður var verkefni ýtt úr vör í framhaldinu í samstarfi ráðherranefndar menntamála og rannsókna (MR-U) og ráðherranefndarinnar um vinnumál (MR-A) í þeim tilgangi að afnema sex hindranir. Verkefninu lauk 2022 með því að starfsgreinarnar sjálfar voru hvattar til að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar væru fyrir hendi, og ráðist var í að auka samstarf aðila í byggingariðnaði um viðurkenningu menntunar. Með hliðsjón af framangreindu telur Norræna ráðherranefndin að ekki sé mikil þörf fyrir að skapa sérstakan vettvang því aðgerðir sem gripið hefur verið til fullnægja þörfinni.

Norræna ráðherranefndin telur að með þessu hafi verið orðið við tilmælunum að hluta til.



Sjónarmið nefndarinnar

Norræna ráðherranefndin valdi að svara hverjum tillögulið fyrir sig, greinargerðin er ítarleg og greinargóð og gefur góða mynd af því hvernig Norræna ráðherranefndin vinnur að þessum málum.

Greinargerðin er samin út frá sjónarhorni embættisfólks og fjallar um kortlagningar, kannanir, samstarfsverkefni og þess háttar sem lokið er eða standa yfir. Það er gott. En svörin skortir sjónarhorn hins almenna borgara og atvinnulífsins. Hvernig er til dæmis fjárfest í menntun ungs faglærðs fólks eftir að búið er að kortleggja jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á hæfni? Greinargerðin gefur engin svör við því. Þá eru ekki heldur gefin svör við því hvort ráðgert sé að markaðssetja tilkynningakerfið meðal aðila sem málið varðar.

Varðandi skipan norræns vinnuhóps í þeim tilgangi að þróa sameiginlegar aðgerðir og verkfæri til að sporna við atvinnuleysi og útilokun ungs fólks er greint frá ýmsum góðum norrænum aðgerðum og verkfærum en engin svör eru við því hvort stefnt sé að því að skipa norrænan vinnuhóp.

Hvort skapa eigi vettvang með yfirliti yfir þær hæfniskröfur sem gerðar eru til viðurkenningar á starfsnámi í öðru norrænu landi ef viðurkenning liggur ekki þegar fyrir, er svar Norrænu ráðherranefndarinnar á þá leið að hún telji ekki mikla þörf á að skapa slíkan vettvang og að núverandi aðgerðir fullnægi þeirri þörf sem er.

Nefndin telur að svarið varðandi þörf á vettvangi sé eingöngu hugsað út frá sjónarhorni embættisfólks en hvorki hins almenna borgara né atvinnulífsins.

Á Norðurlöndum hefur verið sameiginlegur vinnumarkaður frá árinu 1954 og því ætti að vera til vettvangur þar sem launafólk og atvinnurekendur geta séð hvaða hæfni er krafist þegar sótt er um störf eða starfsfólk ráðið á öllum Norðurlöndunum.

Á heildina litið er greinargerðin ítarleg og greinargóð þegar greint er frá kortlagningum, könnunum, rannsóknum, samstarfsverkefnum og þess háttar sem lokið er eða eru yfirstandandi, en svör skortir við því hvort gripið verði til sameiginlegra norrænna aðgerða og fjárfestinga vegna atvinnuleysis ungs fólks með það fyrir augum að greiða fyrir frjálstri för fólks sem lifir og starfar á Norðurlöndum.

Með vísan til þessa er það tillaga nefndarinnar að svarið sé fært til bóka og beðið sé pólitísks samráðs.

Kírúna, 25. júní 2024

Gunilla Carlsson (S)

Kim Aas (S)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Sandra Listerby (Lib)



Per-Arne Håkansson (S)
Ragnhild Male Hartviksen (A)
Lars Püß (M)
Liv Kari Eskeland (H)

Markku Siponen (C)
Ann-Christine Utterstedt (SD)
Orri Páll Jóhannsson (VG)